

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. mars 2015

**Efni: Endurskoðun á virðisaukaskattumhverfi íþróttahreyfingarinnar, 411. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint mál.

Virðisaukaskattur er langmikilvægasti tekjustofn ríkisins. Í fjárlögum 2015 eru tekjur ríkissjóðs af VSK áætlaðar 175 ma.kr. af 600 ma.kr. skatttekjum eða 29,1%. Það er því mikilvægt fyrir ríkissjóð að rækta þennan skattstofn.

Samtök atvinnulífsins hafa beitt sér fyrir þeirri stefnu að skattkerfið sé sem einfaldast og almennast. Í ljósi þeirrar stefnumörkunar telja SA að breytingar sem fela í sér stækkun skattstofna og lækkun hlutfalla vera skynsamlegar. SA hafa þannig fylgt þeirri stefnu að stefna bæri að lækkun virðisaukaskatts og einföldun innheimtu hans með einu almennu skattþepi, en geldur varhug við að hreyfa við skattlagningu einstakra þjónustu- og vöruflokka eins og hér er lagt til.

Sé vilji til að styðja betur við íþróttahreyfinguna, líkt og markmið frumvarpsins stefnir að, þá telja SA aðrar leiðir heppilegri, t.d. með hækkun á beinu framlagi á fjárlögum.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að umrætt frumvarp nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason